

Söngkvartettinn **Út í vorið** skipa þeir *Einar Clausen* tenór, *Halldór Torfason* tenór, *Þorvaldur Friðriksson* bassi og *Ásgeir Böðvarsson* bassi. Allir voru þeir félagar í Kór Langholtskirkju er þeir hófu að syngja saman sem kvartett í október 1992. Strax í upphafi var lögð sérstök rækt við þá hefð er ríkti meðal íslenskra karlakvartetta fyrr á öldinni. Var einkum sótt í sjóði Carls Billich, en hann útsetti fjölda laga fyrir karlakvartetta, meðal annars fyrir *MA- kvartettinn* og *Leikbræður*.

Píanóleikari og aðalþjálfari kvartettsins er *Bjarni Þór Jónatansson*, píanóleikari. Hann starfar sem píanókennari og organisti í Reykjavík og hefur auk þess starfað með mörgum einsöngvurum og kórum. Á tónleikunum flytur kvartettinn fjölda útsetninga eftir Bjarna, sem hann hefur gert sérstaklega fyrir sönghópinn. *Daníel Þorsteinsson* píanó- og harmonikuleikari kemur einnig fram með kvartettinum á þessum tónleikum. Daníel starfar sem píanóleikari á Akureyri. Raddþjálfari kvartettsins er *Signý Sæmundsdóttir* sópransöngkona.

Kvartettinn **Út í vorið** hefur haldið tónleika í öllum landsfjórðungum og einnig í Englandi, Hollandi og Færeyjum. Þá hefur hann komið fram í hljóðvarpi og sjónvarpi hér á landi og erlendis. Í nóvember 1997 gaf hann út geisladiskinn *Út í vorið - kvartettsöngvar* og síðla árs 2000 geisladisk með söng kvartettsins og Signýjar Sæmundsdóttur, *öll tilveran sindraði af sól*.

Á þessu ári eru 10 ár síðan **Út í vorið** hélt sína fyrstu opinberu tónleika, 24. júní 1993, þá einnig á Sumartónleikum í Sigurjónssafni og eru þessir afmælistónleikar hluti tónleikaraðar sem kvartettinn heldur í því tilefni.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Sumartónleikar

í

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Út í vorið

tíu ára afmælistónleikar

NETÚTGÁFA



Þriðjudaginn 8. og miðvikudaginn 9. júlí 2003 kl. 20:30

Efnisskrá

Eitt sinn í æskutíð

Lag: J. Strauss

Ljóð: Emil Thoroddsen

Enn syngur vornóttin

Lag: M. Schrader

Ljóð: Tómas Guðmundsson

Persneskt ástarljóð

Lag: Anton Rubinstein

Ljóð: Gunnlaugur V. Snævarr

Hvar er sú ást

Lag: Charles Trenet

Ljóð: Jón Óskar

Capríljóð

Lag: Ítalskt þjóðlag

Ljóð: Friðjón Þórðarson

Litla Reykjavíkurmær

Lag: Melle Weersma

Ljóð: Ragnar Jóhannesson

Ég vildi að ég væri

Lag: Jón Jónsson frá Hvanná

Ljóð: Davíð Stefánsson

Söngur dverganna

Lag: Jóhann G. Jóhannsson

Ljóð: Þorvaldur Þorsteinsson

Hugrenningar Rauðhettu

Lag: Jóhann G. Jóhannsson

Ljóð: Þorvaldur Þorsteinsson

Gettu hver hún er

Lag: Jón Múli Árnason

Ljóð: Jónas Árnason

Elegía Andrésar oftskorna

Lag: Jón Múli Árnason

Ljóð: Jónas Árnason

Hvað er að

Lag: Jón Múli Árnason

Ljóð: Jónas Árnason

Undir Stórasteini

Lag: Jón Múli Árnason

Ljóð: Jónas Árnason

Í hjarta þér

Lag: Jón Múli Árnason

Ljóð: Jónas Árnason

Á leiðinni yfir Arnarhól

Lag: Sherwin

Ljóð: Jónas Árnason

Blómin frá Amsterdam

Lag: Ralf Arnic

Ljóð: Gunnlaugur V. Snævarr